

Ed.

300. Frumvarp

til laga um sjerstakan verðtoll á nokkrum fyrirbyggjandi vörubirgðum.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Lögreglustjórar skulu hver í sínu umdæmi láta fara fram vörukönnun, til að fá vitneskju um, hve mikið var til af vörum þeim, sem lagður er á 20 % verðtollur og tilgreindar eru á þingskjali 271, þegar þau lög komu í gildi.

2. gr.

Reikna skal, hve mikils virði þær vörubirgðir eru hjá kaupfjelögum og kaupmönnum, sem um ræðir í 1. gr. Skal hver slík verslun greiða af þessum birgðum til ríkissjóðs 20 % verðtoll.

3. gr.

Heimilt er lögreglustjórum að semja við einstakar verslanir um að tollur sá, er um ræðir í 2. gr., greiðist jafnótt og vörurnar seljast. En um leið og vörutalning fer fram samkvæmt 1. gr., skal hver lögreglustjóri senda stjórnarráðinu afrit af hverri birgðaskýrslu.

4. gr.

Landsstjórninni heimilast nauðsynlegt fje til að kosta rannsókn á birgðum, svo og til annara óhjákvæmilegra útgjalda við lög þessi.

5. gr.

Ef rangt er skýrt frá birgðum, skal það varða sektum frá 5000—50000 kr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Fjármálaráðherrann hefir nú komið gegnum þingið lögum um 20 % verðtoll á fjölmörgum vörutegundum, er til landsins flytjast. Telur hann hágborinn hag landssjóðs gera slíka skattaaukningu nauðsynlega. Nú eru miklar birgðir til af samskonar varningi í búðum hjer á landi. Sumpart er búið að hækka þær og sumpart verða þær hækkaðar um 20 % eða meira þegar nýjar vörur með þeim tolli bætast við. Landsstjórnin hefir enga tilraun gert til að halda niðri verði á gömlum birgðum, og vafamál hvort það er hægt. En úr því að neytendur verða að borga vörur þær, sem nú liggja í búðunum, með álagningu þeirri, sem síðar leiðir af tollinum, þykir rjettara að láta landssjóð njóta teknanna heldur en að mörg hundruð þúsund eða jafnvel miljónir króna renni í vasa nokkurra einstakra manna, sem af tilviljun hafa átt birgðir, þegar umrædd tolllöggjöf kom í gildi. — Sem dæmi þess, um hve mikið fje hjer er að ræða, má geta þess, að einstakir kaupmenn eru til hjer á landi, er hafa birgðir af álnavöru, sem talið er að nemi 800 þús. kr. Má af því sjá, að hjer er um mikinn tekjuauka að ræða, og er þess vænst, að fjármálaráðherrann og stuðningsmenn hans geri sitt ýtrasta til að koma þessu frv. gegnum þingið á svo sem 2—3 dögum, til að tryggja landssjóði mörg hundruð þúsund króna tekjnanka, sem honum ber með rjettu.